

# Skilmálabreytingar

## Almennir fjarskiptaskilmálar Vodafone

### 5. grein Almennu fjarskiptaskilmála Vodafone breytast sem hér segir og verður framvegis 7. grein

Var:

Vodafone ber ekki ábyrgð á því að fjarskiptasamband rofni um stund. Vodafone mun þó ávallt leitast við að koma á fjarskiptasambandi að nýju sem fyrst og viðhalda gæðum þjónustunnar. Verði verulegur óþarfa dráttur af hálfu Vodafone á viðgerð getur áskrifandi krafist endurgreiðslu á mánaðargjaldi í hlutfalli við þann tíma sem samband er rofið. Vodafone ábyrgist ekki tjón sem rekja má til sambandsleysis, rofs á fjarskiptum eða annarra truflana sem kunna verða á rekstri fjarskiptanetsins, hvort sem slíkt má rekja til línubilana, bilana í stöðvum eða annarra ástæðna.

Verður:

Vodafone (Sýn hf.) ber ekki ábyrgð á því að fjarskiptasamband rofni um stund. Vodafone (Sýn hf.) mun þó ávallt leitast við að koma á fjarskiptasambandi að nýju sem fyrst og viðhalda gæðum þjónustunnar. Vodafone (Sýn hf.) ábyrgist ekki tjón sem rekja má til sambandsleysis, rofs á fjarskiptum eða annarra truflana sem kunna verða á rekstri fjarskiptanetsins, hvort sem slíkt má rekja til línubilana, bilana í stöðvum eða annarra utanaðkomandi þátta.

### 11. grein Almennu fjarskiptaskilmála Vodafone breytast sem hér segir og verður framvegis 15. grein

Var:

Sé áskrifandi á þjónustuleið með inniföldu Reiki í Evrópu áskilur Vodafone sér rétt til að fylgjast með notkun áskrifanda m.t.t. gagnamagnsnotkunar og grípa til viðeigandi ráðstafana, t.d. viðbótargjaldtöku samkvæmt ákvæðum Reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 531/2012 um reiki á almennum farsímanetum með síðari breytingum sé notkun hans óhæfileg og ósanngjörn. Dæmi um slíka notkun er notkun umfram tímabundin ferðalög viðskiptavina, t.d. ef viðskiptavinur hefur heimilisfesti á Íslandi en notar reikiþjónustu að lágmarki fjóra mánuði ósleitt. Vodafone áskilur sér rétt til þess að loka á SIM-kort komist upp um ósamþykktu endursölu á númerum erlendis.

Verður:

Verðskrá Vodafone (Sýn hf.) yfir notkun erlendis innan EES svæðisins tekur mið af reglugerð um alþjóðlegt reiki á almennum farsímanetum innan Evrópska efnahagssvæðisins nr. 1174/2012, með síðari breytingum. Vodafone (Sýn hf.) áskilur sér rétt til þess að grípa til takmarkana á inniföldu gagnamagni og viðbótargjaldtöku innan EES svæðisins í samræmi við ákvæðið um sanngjarna notkun (e. Fair usage policy) í fyrrnefndri reglugerð.

## 12. grein Almennu fjarskiptaskilmála Vodafone breytast sem hér segir og verður framvegis 16. grein

Var:

Verðskrá Vodafone yfir notkun erlendis innan EES svæðisins tekur mið af reglugerð um alþjóðlegt reiki á almennum farsímanetum innan Evrópska efnahagssvæðisins nr. 1174/2012, með síðari breytingum. Vodafone áskilur sér rétt til þess að grípa til takmarkana á inniföldu gagnamagni og viðbótargjaldtöku innan EES-svæðisins í samræmi við ákvæðið um sanngjarna notkun (e. Fair usage policy) í fyrrnefndri reglugerð. Vodafone gerir ráð fyrir viðskiptavinir séu með heimilisfesti á Íslandi og ferðist til annarra landa í tímabundnum ferðalögum (e. periodic travel). Sé notkun farsímaþjónustu meiri erlendis heldur en heima fyrir í lágmarki fjóra mánuði í röð áskilur Vodafone sér rétt til þess að grípa til viðbótargjaldtöku innan EES-svæðisins í samræmi við ákvæðið um sanngjarna notkun (e. Fair usage policy) í fyrrnefndri reglugerð. Vodafone áskilur sér rétt til þess að loka á SIM-kort komist upp um ósamþykka endursölu á númerum erlendis.

Verður:

Vodafone (Sýn hf.) gerir ráð fyrir að viðskiptavinir séu með heimilisfesti á Íslandi og ferðist til annarra landa í tímabundnum ferðalögum (e. periodic travel). Sé notkun farsímaþjónustu meiri erlendis heldur en heima fyrir í lágmarki fjóra mánuði í röð áskilur Vodafone (Sýn hf.) sér rétt til þess að grípa til viðbótargjaldtöku innan EES svæðisins í samræmi við ákvæðið um sanngjarna notkun (e. Fair usage policy) í fyrrnefndri reglugerð. Vodafone (Sýn hf.) áskilur sér rétt til þess að loka á SIM-kort komist upp um ósamþykka endursölu á númerum erlendis.

## Ný viðbót í Almennu fjarskiptaskilmála Vodafone og verður framvegis 19. grein

Vodafone (Sýn hf.) áskilur sér rétt að færa viðskiptavinir í áskriftarleið sem samræmist notkun hans. Fari viðskiptavinur í áskrift yfir innifalið gagnamagn er hann færður í leið sem samræmist notkun hans. Þegar viðskiptavinur er stækkaður tekur sú breyting gildi strax. Viðskiptavinur getur óskað þess að fara aftur í fyrri áskriftarleið en slík breyting tekur gildi næstu mánaðarmót á eftir.

## Ný viðbót í Almennu fjarskiptaskilmála Vodafone og verður framvegis 20. grein

Með samþykki skilmála þessara veitir áskrifandi Vodafone rétt til þess að hafa samband við viðskiptavini sína í viðskiptalegum tilgangi, svo sem til að auka þjónustustig, óháð skráningu þeirra í símaskrá. Viðskiptavinum er ávallt frjálst að afþakka slík samskipti af hálfu Vodafone og skal það þá gert með skriflegum hætti.

## 4. grein Greiðsluskilmála Vodafone breytast sem hér segir

Var:

Reikningstímabil fyrir notkun er frá fyrsta til síðasta dags hvers mánaðar. Reikningar eru sendir út með hæfilegum fyrirvara. Eindagi er 2. hvers mánaðar og gjalddagi 7 dögum áður (getur breyst ef um frídaga eða helgi er að ræða). Sé reikningur greiddur eftir eindaga greiðir áskrifandi dráttarvexti frá gjalddaga til greiðsludags skv. III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

Verður:

Reikningstímabil vegna fjarskipta miðast við almanaksmánuð og er útgáfudagur reikninga í lok mánaðar. Eindagi reikninga er 2. virki dagur þar næsta mánaðar, gjalddagi er 7 dögum fyrir. Sé reikningur ekki greiddur á eindaga skal áskrifandi greiða dráttarvexti, eins og þeir eru ákveðnir samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá og með gjalddaga til greiðsludags, auk þess sem gjald vegna innheimtuviðvörunar leggst á kröfu við útsendingu 2 dögum eftir eindaga.

## Ný viðbót í Uppsagnarskilmála Vodafone og verður framvegis 2. grein

Segi viðskiptavinur notkun Ljósleiðara Gagnaveitu Reykjavíkur upp þarf uppsögn að hafa borist eigi síðar en 15. dag mánaðar til þess að hún taki gildi um næstu mánaðarmót. Berist hún á 16. degi mánaðar eða síðar tekur hún gildi um þar næstu mánaðarmót. Uppsögn á öðrum aðgangsgjöldum en aðgangsgjaldi Ljósleiðara Gagnaveitu Reykjavíkur er í samræmi við 1. grein uppsagnarskilmála Vodafone.

## 2. grein Uppsagnarskilmála Vodafone breytast sem hér segir og verður 3. grein framvegis

Var:

Áskrifendur á einstaklingsmarkaði eiga rétt á því að segja þjónustusamningi fyrirvaralaust upp án greiðslu skaðabóta þegar þeir fá tilkynningu um fyrirhugaða breytingu á skilmálum.

Verður:

Áskrifendur á einstaklingsmarkaði eiga rétt á því að segja þjónustusamningi fyrirvaralaust upp án greiðslu skaðabóta þegar þeir fá tilkynningu um fyrirhugaða breytingu á skilmálum. Áskrifendur á einstaklingsmarkaði hafa eins mánaðar uppsagnarfrest áður en breytingar taka gildi.

## 4. grein Uppsagnarskilmála Vodafone breytast sem hér segir

Var:

Vodafone er heimilt bjóða upp á samninga þar sem áskrifandi skuldbindur sig í allt að sex mánuði. Ef áskrifandi segir upp slíkum samningi á samningstíma áskilur Vodafone sér rétt til að krefja áskrifanda um þau mánaðargjöld sem ógreidd eru af samningstímanum auk riftunargjalds.

Verður:

Vodafone (Sýn hf.) er heimilt að bjóða upp á samninga þar sem áskrifandi skuldbindur sig samkvæmt samningi beggja aðila. Hámarks skuldbinding á fjarskiptum eru sex mánuðir í senn. Ef áskrifandi segir upp slíkum samningi á samningstíma áskilur Vodafone (Sýn hf.) sér rétt til að krefja áskrifanda um þau mánaðargjöld sem ógreidd eru af samningstímanum. Sé áskrift áskrifanda stækkuð á samningstímanum tekur sú breyting gildi strax. Viðskiptavinur getur óskað eftir að fara í minni áskriftarleið á binditímanum en slík breyting tekur gildi næstu mánaðarmót á eftir.

## Nýjar viðbætur í kafla önnur ákvæði í Almennu fjarskiptaskilmála Vodafone

4. Vodafone (Sýn hf.) nýtir sér vefkökur á heimasíðu sinni [www.vodafone.is](http://www.vodafone.is). Nánari upplýsingar um notkun vefkaka og tilgang þeirra er að finna í skilmálum um notkun á vefkökum á [www.syn.is](http://www.syn.is).

5. Vodafone (Sýn hf.) áskilur sér rétt að vísa áskrifanda úr viðskiptum sýni hann ítrekaða ósæmilega hegðun í garð starfsfólks. Með ósæmilegri hegðun er átt við t.d. (en ekki eingöngu) ógnanir af einhverjum toga eða hótanir af einhverjum toga.

6. Vodafone (Sýn hf.) áskilur sér rétt til að breyta skilmálum þessum vegna nýrra áskriftarleiða, án þess að tilkynna öllum áskrifendum um þær breytingar enda hafa þær breytingar ekki áhrif á gildandi áskriftir.

7. Áskrifandi getur gert áskriftabreytingar á þjónustunni í verslunum Vodafone (Sýn hf.), hjá umboðsaðilum um land allt, með því að hafa samband við þjónustuverið eða gegnum Mínar síður. Áskrifandi getur ávallt stækkað eða minnkað áskriftarleið sína. Sé áskriftarleið stækkuð tekur breytingin gildi samdægurs og áskrifandi greiðir hlutfallslegt gjald fyrir stækkunina á næsta reikningi. Sé áskriftarleið minnkuð þá tekur sú breyting gildi frá og með næstu mánaðarmótum.

8. Vodafone (Sýn hf.) áskilur sér rétt til að breyta þjónustu áskrifanda ef þjónusta er tekin úr sölu eða ef notkun er óhófleg. Ekki skal framkvæma breytinguna fyrr en búið er að tilkynna hana til viðskiptavinar.

9. Í neyðarástandi, t.d. ef að sæstrengur bilar, áskilur Vodafone (Sýn hf.) sér þann rétt að takmarka tengingar viðskiptavina til þess að tryggja að allir áskrifendur geti fengið lágmarks þjónustu.